

## **6. Frumvarp**

til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1918).

### **I. Skipun.**

#### **1. gr.**

Til þess að geta orðið skipaður kennari við barnaskóla eða farskóla, sem nýtur styrks af landsjóðsfje, er krafist:

- a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð,
- b. að hann hafi lokið kennaraprófi,
- d. að hann sýni læknisvottorð um gott heilsufar,
- e. að hann hafi að minsta kosti einn um tvitugt.

2. gr.

Þegar kennarastaða er laus, skal skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnar-  
auglýsingar, og í málgagni kennara, með umsóknarfresti, sem eigi má vera  
skemri en 2 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum kemur nefndin saman og  
ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar, og  
sendir síðan yfirstjórn fræðslumálanna meðmæli sín ásamt öllum umsóknum,  
sem fyrir liggja. Stjórnarráðið veitir stöðuna og auglýsir á venjulegan hátt.

3. gr.

Umsókn um kennarastöðu skal senda formanni skólanefndar eða  
fræðslunefndar, og skal umsókninni fylgja:

- a. Prófvottorð frá kennaraskóla, eða afrit af því, staðfest af presti eða hrepp-  
stjóra.
- b. Umsögn skólanefndar eða fræðslunefndar eða einstakra manna, sem  
umsækjandi hefur síðast unnið hjá, hafi hann áður haft kenslustörf á hendi.  
Skal í þeirri umsögn sjerstaklega geta um dagfar kennarans, hæfileika  
hans til að halda reglu og aga í skóla og aðra kennarahæfileika.

4. gr.

Nú sækir enginn, sem kennaraprófi hefir lokið, um auglýsta kennara-  
stöðu áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd eða fræðslu-  
nefnd þá auglýsa stöðuna af nýju, með svo löngum fresti til umsóknar, sem  
hún telur nægja, en hafi enginn enn sótt um stöðuna, þegar sá frestur er út  
runninn, skal nefndin gera ráðstöfun til að útvega svo hæfan mann eða konu,  
sem kostur er á, til að hafa kensluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til  
löglega skipaður kennari getur tekið við henni. Leita skal samþykkis yfir-  
stjórnar fræðslumálanna til skipunar kennara til bráðabirgða.

5. gr.

Kennarastöður skal veita frá 1. okt. eða 1. jan., og taka kennarar þá  
við þeim skólum, sem þeir hafa verið ráðnir til, nema öðruvisi um semjst.

Ef kennari getur ekki tekið til starfa á tilteknum tíma, ráðstafar skóla-  
nefnd eða fræðslunefnd kenslunni þangað til hann getur tekið við henni.

6. gr.

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, eða hann hefir verið ráðinn kenn-  
ari við annan skóla, og ber honum að tilkynna það þegar í stað skólanefnd  
eða fræðslunefnd þess skóla, sem hann fer frá.

7. gr.

Kennarar eiga í öllu dagfari sínu, utan skóla og innan, að vera góð  
fyrirmynd nemenda sinna og rækja skyldustörf sín með alúð og samviskusemi.

Peir eiga að kenna samkvæmt lesskrá fyrirskipaðar námsgreinar og gera sjer alt far um að þroska með kenslunni sálargáfur barnanna, jafnframt því að auðga þau að þekkingu. Eiga þeir ávalt að gæta þess, að kenslan sje við skilningshæfi barnanna, gera sjer far um að setja námsefnið skýrt og skilmerkilega fram, og skulu þeir jafnan skýra það efni fyrir börnunum, sem þeir setja þeim fyrir að læra um heima, og gefa þeim tækifæri til að beita eigin atorku við námið, eftir því sem þekking þeirra og þroski leyfir.

Peir eiga að hafa vakandi auga með siðferði nemenda sinna, bæði i kenslustundum og i fritímum þeirra. Ef þeir þurfa að ávita, eða beita refsingum, eiga þeir jafnan að taka tillit til aldurs barnanna og lundarfars og sýna sjálfir alvöru, ástúð og stillingu.

Peir eiga að gæta kensluáhalda skólans og annara eigna hans og áhalda og halda dagbók og prófbók, svo sem skólastjórnin fyrirskipar, og að öðru leyti halda lög þessi og hlýða þeim reglum og fyrirskipunum um skólahaldið, sem skólastjórnin leggur löglega fyrir þá.

#### 8. gr.

Ef kennari reyquist óhæfur til að gegna skólakennarastarfinu, eða ef hann vanrækir skyldustarf sitt, eða vekur hneyksli með framferði sínu i daglegri hegðun, og lætur ekki skipast við áminningu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að vikja honum úr kennarastöðunni um stundarsakir, ef nauðsyn þykir, fyrirvaralaust. Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins.

## II. Laun.

#### 9. gr.

Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla i 6 mánuði, eða 24 vikur af árinu, og kenna 30 stundir á viku — um kenslustundafjölda forstöðumanna kaupstaðaskóla og heimavistarskóla fer þó eftir samkomulagi við skólanefnd — skulu hafa árslaun sem hjer segir:

- a. Forstöðumenn barnaskóla i kaupstöðum 2000 kr. auk ókeypis húsnæðis, eða jafngildi þess i peningum.
- b. Kennarar við kaupstaðaskóla hafa 1500 kr. árslaun.
- d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1500 kr., og kennarar við þá skóla 1200 krónur.

Forstöðumenn heimavistarskóla utan kaupstaða hafa þar að auki ókeypis húsnæði, ljós og hita.

- e. Farskólakennarar hafa i árslaun 300 kr. auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur, og húsnæði alt árið, eða jafngildi þeirra hlunninda i peningum.

#### 10. gr.

Nú stendur barnaskóli lengur en 6 mánuði á ári, og hækka launin þá i rjettu hlutfalli við timalengd.

11. gr.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr., a. og b., greiðast að  $\frac{1}{3}$  af landssjóðs-  
fje, en að  $\frac{2}{3}$  úr bæjarsjóði. Helmingur þeirra launa, sem talin eru í sömu  
grein, d. og e., greiðist af landssjóðsfje, en helmingur úr sveitarsjóði.

Eigi tekur landssjóður neinn þátt í kostnaðinum við þau hlunnindi, sem  
kennarar hafa samkvæmt lögum þessum, enda þótt þau sjeu greidd í peningum.

12. gr.

Lauuaviðbót eftir þjónustualdri fá kennarar sem hjer segir:

- a. Forstöðumenn og kennarar kaupstaðaskóla 200 kr. 4. hvert ár upp að  
1000 kr.
- b. Forstöðumenn og kennarar við barnaskóla utan kaupstaða 100 kr. 4. hvert  
ár upp að 500 kr.
- d. Farskólakennarar 50 kr. 3. hvert ár upp að 300 kr.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast úr landssjóði.

13. gr.

Öll ákvæði um kennara í lögum þessum eiga og við kenslukonur.

14. gr.

Þau ákvæði laga um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907, sem koma í  
bága við þessi lög, eru numin úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1917 var í neðri deild samþykkt þingsályktun um að skora á  
stjórnina að rannsaka uppeldismál eða fræðslumál landsins. Stjórnin fal  
fræðslumálastjóra að athuga þetta mál, í samráði við kennaraskólakennarana,  
og senda álit um málið. Það hefir nú atvikast svo, að fræðslumálastjórinn  
hefir ekki notið aðstoðar við starf þetta, nema hjá einum kennaranna, dr. Ólafi  
Dan Danielssyni, svo sem sagt er í áliti fræðslumálastjóra, fylgiskjali laga-  
frumvarps þessa.

Út af þessari þingsályktun sendi fræðslumálastjóri fyrirspurnir til allra  
skólanefnda, fræðslunefnda, presta, prófaste, kennara, margra prófdómenda og  
til einstakra manna. Af svörum þeim, er komin eru um fyrirspurnir þessar,  
virðist mega ráða, að það sje nær samhuga álit þeirra, er um barnafræðsluna  
fjalla sjerstaklega, að eigi beri að breyta þeirri skipun, sem nú er, um skóla-  
skyldu á barnsaldri. Á hinn bóginn virðist það koma fram, að gallar allmiklir  
sjeu á framkvæmd fræðslulaganna, gallar, sem bæta þurfi, og verður athugun-  
um út af þingsályktuninni haldið áfram, og væntanlega lagðar fyrir Alþingi, svo  
fljótt sem unt er, tillögur um breytingar til bóta á barna- og unglungafræðslu.

Ein breyting er sú, sem alment virðist álitíð að ekki megi draga, og

kemur það mjög eindregið fram í þingsályktuninni, sú nefnilega, að bæta kjör barnakennara. Verður þingsályktunin ekki skilin á annan veg en að þess sje krafist, að sú breyting sje ekki látin biða eftir því, að lokið sje rannsókn og athugun málsins í heild.

Því hefir stjórnin, að ráði fræðslumálastjóra, tekið upp frumvarp það, er Kennarafjelag landsins hefir samið og sent var síðasta Alþingi. Verður stjórnin að fallast á það, að kröfur þær, er fólgna eru í frumvarpi þessu um launakjör kennaranna, sjeu mjög hóflegar, en að hinu leytinu verði þessi launakjör að teljast viðunandi. Stjórnin getur og fallist á skiftingu frumvarpsins á greiðslu launanna hlutfallslega milli sveitarsjóða og landssjóðs og ákvæði frumvarpsins að öðru leyti.

Eftir athugunum þeirra dr. Ólafs Dan Danielssonar og fræðslumálastjóra má áætla greiðslu til launa handa barnakennurum úr landsjóði þannig:

*Byrjunarlaun:*

5 forstöðum. kaupstaðaskóla,	2000 hver, 10000, þaraf landssj.	.....	3333.00
52 kennarar kaupstaðaskóla,	1500 — 78000, — —	.....	26000.00
45 forstöðum. utankaupst.sk.,	1500 — 67500, — —	.....	33750.00
27 kennarar utankaupst.sk.,	1200 — 32400, — —	.....	16200.00
120 sveitakennarar,	300 — 36000, — —	.....	18000.00
			<u>97283.00</u>

*Launaviðbót eftir þjónustualdri:*

Forstöðumanna kaupstaðaskóla, áætluð til jafnaðar .....	1500
Kennara kaupstaðaskóla, áætluð til jafnaðar .....	20800
Forstöðumanna utankaupstaðaskóla, áætluð til jafnaðar .....	9000
Kennara utankaupstaðaskóla, áætluð til jafnaðar .....	5400
Sveitakennara, áætluð til jafnaðar .....	12000
	<u>49700.00</u>
	146983.00

Eftir þessu yrðu gjöld landssjóðs til barnakenslu í byrjun um 47000 kr. hærri en það, sem nú er greitt í þessu skyni úr landssjóði. En ef frumvarpið yrði samþykkt, mundi mega áætla útgjöldin til jafnaðar undir 100000 kr. hærri en tillagið er nú, en svo hár yrði kostnaðurinn að líkindum ekki fyr en að um 20 árum liðnum.

Að öðru leyti er vísað til álits fræðslumálastjóra.

**Fylgiskjal** frumvarps til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

## Álit fræðslumálastjóra

út af þingsályktun Nd. Alþingis, um uppeldismál, 7. sept. 1917.

Neðri deild Alþingis samþykkti 7. september 1917 þingsályktun um uppeldismál svo hljóðandi:

Neðri deild Alþingis skorar á stjórnina að rannsaka uppeldismálakerfi og athuga þetta:

1. Hvort eigi mundi rjettara að láta skólaskyldu koma á menn 16—20 ára, en láta þá foreldra og hjeruð sjá fyrir því, að börn hafi tilskilda þekking undir staðfestinguna, en landið kosti ekki annað við þá kenslu en eftirlit með prófum.
2. Hvern veg þá skyldi haga skólum handa mönnum á skólaskyldualdri, og einkum hvernig kensla í öllum þjóðlegum íslenskum fræðum megi njóta sín sem best, og söngur og íþróttir og annað það, sem feugar lifið og gleður mennina.
3. Hvern veg breyta þyrfti kennaraskólanum til þess, að kennarar verði vel hæfir til kenslu þeirrar, er þá yrði að ætla þeim.
4. Hver kjör þá yrði að bjóða þeim, svo að viðunanlegt væri.
5. Hvort eigi mætti gera hvorttveggja að spara fje og bæta gagnfræðaskóla með því að fækka þeim, og steypa saman bókfræðikenslu karla og kvenna í öllum almennum námsgreinum, og styrkja síðan eigi aðra kvennaskóla en þá, er kenna það, er konur einar læra.
6. Loks að rannsaka, hvort eigi muni tiltækilegt að flytja hinn almenna mentaskóla og kennaraskólann til hinna fornu skólasetra, Bessastaða eða Skálholts, eða á einhverja opinbera eign í nærsýslunum við Reykjavík.

Enn fremur skorar deildin á stjórnina að rannsaka, hversu bætt verði úr verstu göllunum á því fyrirkomulagi, sem er, þar til lokið er rannsókn þeirri, sem greinir hér að ofan, eða önnur skipun verður á ger, einkum hvern veg megi komast hjá að láta kennara sæta miskunnarlausri meðferð.

Þessa þingsályktun hefir stjórnarráðið sent mjer með brjefi, dags. 19. okt. f. á., með beiðni um að athuga þau atriði, sem þingsályktunin greinir, í samráði við kennara kennaraskólans, og senda síðan stjórnarráðinu álit um þetta mál alt.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að einn kennaranna, hr. Jónas Jónsson, var þá þegar horfinn til bússins norður í Þingeyjarsýslu, en skólastjórinn fluttur til vetrarvistar austur í sveit. Sigurður Guðmundsson, mag., skoraðist undan

að eiga við þetta vandamál sakir ókunnugleika á því og annríkis við önnur störf. Dr. Ólafur Dan. Danielsson er því hinn eini kennaranna, sem jeg hefi getað að staðaldri náð til í vetur til að ræða málið við, og ber hann þó enga ábyrgð á því, sem hjer verður sagt um einstök atriði þess; hefir hann ekki haft svo góðan tíma sem skyldi í vetur til að hugsa um þetta mál, þar sem hann var hlaðinn öðrum önnum, meðal annars öðrum störfum fyrir stjórnina.

Þrátt fyrir þetta hefi jeg talið skyldu mína að vinna það að þessu máli sem mjer hefir unnist tími til, ef vera mætti að það gæti orðið nokkur undirbúningur undir meðferð þess og endileg úrslit á sínum tíma.

Uppeldismálakerfi Norðurlálfurþjóðanna eru harla lík í öllum aðalatriðum, þó að misjafnlega mikil áhersla sje lögð á einstök atriði hjá hverri þjóð og skólunum hagað nokkru öðruvísi hjá einni þjóðinni en annari. Tilhögun skólamála á Norðurlöndum er mjög svo á sömu bókina lærð, og hefir hún einna helst verið fyrirmynd þess fyrirkomulags, sem lögleitt var hjer á landi með fræðslulögunum 22. nóv. 1907, að svo miklu leyti sem efni og ástæður leyfðu. Má segja, að uppeldismálakerfi mentaþjóða Norðurlálfu, þeirra er fremst standa, sjeu komin í nokkurn veginn fastar skorður, að því er aðalatriðin snertir. Öðru máli er að gegna um Bandafylkin í Vesturheimi. Það má segja um þau, að þau sjeu enn á *tilraunastigi*, og í því er fólgin, ef til vill, þeirra styrkur. Vitanlega eru skólamál og uppeldismál Norðurlálfurþjóðanna enginn steingerfingur, heldur eru þau í sífeldri framför, með breytingum til batnaðar, eftir því sem reynslan sýnir að betur má fara. En hin ítarlega og margbrotna löggjöf um þau sýnir, að mýmörgu er þar slegið föstu, sem í Bandaríkjunum er látið frjálst.

Það virðist óþarft í þessu sambandi að gera ítarlega grein fyrir hinni margbrotnu löggjöf Norðurlálfurþjóðanna um uppeldismál, enda enginn tími til þess. Svo er og greiður aðgangur hjer að bókum um þau efni. Má gera ráð fyrir, að mörgum sjeu kunnir aðaldrættirnir í þeirri löggjöf. En af því að uppeldismálakerfi Bandaríkjanna er uppeldismálakerfum Norðurlálfurþjóðanna að mörgu leyti frábrugðið, þykir mjer rjett að geta þess hjer að nokkru, og einkum þess, hver stefna ríkir sem stendur í fræðslumálum þar í landi, og styðst jeg þar að miklu leyti við upplýsingar, sem *Steingrímur Arason*, skólakennari, hefir útvegað mjer; en hann hefir dvalið tvö ár að undanfögnu við nám þar í landi og er þar enn.

Þess er þá fyrst að geta, að engin allsherjarlög eru til um lýðmentun í Bandaríkjunum, heldur skipar hvert fylki skólamálum sínum eftir sinni vild, og verður fyrirkomulagið því allólíkt í fylkjunum. Vissir starfsmenn í þjónustu skólamála eiga að vaka yfir þeim tilraunum, sem verið er að gera hjer og hvar og athuga, hvernig þær gefast; þeir safna skýrslum um þetta, og er svo tekið upp annarstaðar það sem vel þykir reynast.

Nú sem stendur er sú stefnan t. d. ofan á, að *sameina smáskólana í stærri skóla*. Það þykir að visu hafa tvo ókosti: erfið terðalög og börnin langt frá mæðrum sínum. En kostirnir taldir yfirgnæfa: kostnaður tiltölulega minni, aðbúð betri, skifting barnanna í deildir eftir þroska og aldri hægri, kensla í hverri námsgrein betri, þar sem hver kennari getur þá kent það, sem hann er

færastur í, fullkomnara fjelagslíf í skólunum, fullkomnari kensluáhöld, hægra um eftirlit með fáum skólum en mörgum o. s. frv. Ekki eru þessir skólar allir heimavistarskólar í eiginlegum skilningi, en í sambandi við þá sumu eru svefnskólar fyrir börnin, og þau látin gista þar, ef slæmt er veður. Ferðakostnað þeirra barna, sem lengst eiga til skólans, borgar ríkið.

*Stjórn skólamála í hjerði* hefir verið í höndum sveitarnefnda (districts). En nú er sú stefnan ofan á, að draga hana úr höndum þeirra og fela hana hjeradsnefndunum (county-boards). Þá nefnd skipa 5 menn, og eru þeir kosnir af hjeradsbúum, einn á ári til 5 ára í senn. Aðalfund heldur nefndin í júní, en aukafundi mánaðarlega. Rækur er sá úr nefndinni, sem þrisvar vanrækir að koma á fund. Þeir fá greiddan ferðakostnað og 100 dala þóknun árlega.

*Skýldur hjeradsnefnda* eru:

1. Að gefa út reglugerðir fyrir skólana í hjerðinu.
2. Að kjósa hjeradsfræðslustjóra.
3. Sjá um að lögum og fyrirskipunum ríkisfræðslunefndar sje framfylgt í hjerði.
4. Annast allar skólaeignir.
5. Ákveða skólastaði, sjá um skólahúsin, byggingu, viðhald og breytingar eftir þörfum og breyta skipun skólahjerada. Banna hættulega notkun skólahúsa.
6. Gera skýrslur um gerðir sínar og senda þær, ásamt öðrum skýrslum um skólamálið, til ríkisfræðslunefndar.
7. Umsjón allra skólabókasafna og annara safna í skólum.
8. Ráða kennara eftir útnefningu hjeradsfræðslustjóra, ákveða kaup þeirra og greiða þeim það.
9. Sjá öllum skólum fyrir kenslubókum og kenslutækjum (viða eru kenslubækur ókeypis).
10. Að sjá um heilbrigðiseftirlit.
11. Gera fjárhagsáætlanir og jafna niður skólagjaldi.
12. Sjá um prentun og útsendingu á skýrslum um alt skólahaldið.

*Hjeradsfræðslustjóri* er í hverju hjerði. Hann er framkvæmdarstjóri fræðslunefndarinnar og hefir aðallega tvenskonar starf með höndum:

að gefa ríkisfræðslunefnd glöggar upplýsingar um ástand uppeldismálanna í sínu hjerði, og

að breiða út nýjar og góðar hugmyndir og þekkingu á uppeldi; heimsækja skólana og vekja áhuga hjeradsbúa á skólamálum.

#### Kennararáðning og kröfur til kennara.

Hjeradsnefnd ræður kennara eftir útnefningu hjeradsfræðslustjóra. Mjög er það misjafnt, hve mikið er heimtað af kennurum, en alstaðar er nú farið að heimta meiri eða minni sjermentun í uppeldismálum. Viðast hvar er heimtað, auk barnaskólanáms, 4 ára nám í alþýðuskóla (High-school) og 3—4



ára nám i kennaraskóla. Til nokkurra skóla eru þó ráðnir menn án sjermentunar, ef þeir eru vel mentaðir að öðru leyti; en þá er þessum kennurum settur aðstoðarmaður (Supervisor) og hefir hann oft 30—100, jafnvel um 200 kennara að leiðbeina. Starf hans er ærið mikilsvert. Hann færir nýjar hugmyndir inn í skólana, heldur fundi með kennurunum, bendir á nýjar bækur og nýjar tilraunir. Viða er kennurum gefinn kostur á framhaldsnámi til að fullkomna sig, annaðhvort á laugardögum (þá er ekki kent í barnaskólum), eða í sumarleyfinu. *Fyrirlestrar* eru óviða fluttir, en rökræður um námsefnið koma í þeirra stað. Sumstaðar er látið nægja, að kennarar sýni skirteini fyrir því, að þeir hafi kent með góðum árangri við aðra skóla.

Nýjustu endurbætur á uppeldismálum Bandaríkjanna eru runnar undan rifjum prófessors *Cobberly's*, sem nú þykir allra manna vitrastur og reyndastur í þeim efnum. Er sumt af því, sem hjer er nefnt, verið að reyna að hans ráðum. Um *kennararáðninguna* leggur hann það til, að kennararnir sjeu ráðnir til eins árs í senn 3 fyrstu árin, en eftir það sje kennarinn fastur kennari, þangað til honum er sagt upp, en til þess hefir hjeradsnefnd heimild hvenær sem er, ef hann sýnir hirðuleysi eða óhlýðni eða reynist óhæfur kennari; annars má ekki segja honum upp nema með ákveðnum fyrirvara. Skotið getur hann máli sínu til ríkisfræðslustjóra, sem kveður upp fullnaðar úrskurð í málinu. Er litið svo á, að sjerfræðingar í skólamálum kunni betur með slík mál að fara en dómstólarnir.

*Farkensta* er engin til í Bandaríkjunum, en heimavistarskólar þar sem þeir eru nauðsynlegir, — oflast þó að eins fyrir munaðarlaus börn eða vanheil.

*Námsgreinar.* Alstaðar er lögboðið að kenna lestur, skrift og reikning. Að öðru leyti er sveitum og hjeruðum mjög í sjálfsvald sett, hvað kent er. Ríkisfræðslustjóri sjer um útgáfu »handbókar« handa kennurum í hverri námsgrein; eiga þær sjer að jafnaði ekki langan aldur, heldur er sifelt verið að breyta þeim, oft á 3 ára fresti. Í seinni tíð eru handbækur þessar fremur leiðbeiningar en fyrirskipanir, leiðbeiningar um bækur fyrir börn og kennara fyrir hverja námsgrein.

Vandinn er að velja efni í þessar handbækur, skera úr því, hvert námsefnið á að vera. Um það eru skiftar skoðanir í hjeruðunum og verður efni þeirra því harla sundurleitt. Mikil áhersla er lögð á að innræta ættjarðarást og fórnfúsa samvinnu. Fjelagsfræði mjög viða kend.

*Kenslutími.* Skólatíminn er alment frá 6 til 14 ára aldurs fyrir börn, en fyrir unglínga frá 14 til 18 ára aldurs.

Fyrir nokkrum árum komu upp skólar, sem nefndir eru *Junior-High-schools*. Þeir byrja, þegar börnin hafa verið 6 ár í barnaskóla, eða eru orðin 12 ára gömul, og standa í þrjú ár. Þessir skólar hafa þótt gefast mjög vel. Þeir eru bygðir á þeirri skoðun, að rjetti tíminn til að byrja unglíngaskólanám sje fremur 12 ára aldur en 14 ára. Ástæður fyrir þessari skoðun eru þessar: Þegar barnið er 12 ára, hefir barnaskólinn búið það undir námið, kent því að lesa og skrifa og reikna (leggja saman, draga frá, margfalda og deila). Barnið er farið að verða viðsýnna, einstaklingseðlið fer að gera verulega vart við sig og rökhugsun vaknar. Um þetta leyti aldursins þarf því að breyta til um kenslu barnanna; annars verður breyttum þörfum þeirra ekki fullnægt, en það eiga skólarnir að gera.

Námsgreinar eru margar, en endurtekningar og upplestrarstagi er þar dauðadæmt; kenslan er alt af ný og lifandi. Börnin eru misjöfn að eðlisfari og gáfum og áhugamál þeirra eru mismunandi. Því þarf að hafa úr mörgu að velja, til þess að einstaklingseðli hvers barns sje fullnægja ger, svo sem audið er.

Í barnaskólanum hafði barnið einn kennara, sem kendi því allar námsgreinar, sem það lærði. Nú hefir það 6—7 kennara, og er hver þeirra sjerfræðingur í sinni grein, þeirri er hann kennir.

Í þessum unglingskólum er frjálst námsgreinaval, og er þeim ætlað það meðal annars að leiðbeina nemendum í vali lífsstöðu, vara þá, sem ekki hafa góða hæfileika til bóknáms, við að eyða dýrmætum tíma æfingar til að búa sig undir æðra nám, og hvetja þá til að leggja stund á eitthvað annað, sem þeir eru hæfari fyrir.

Námskeið þessara skóla eru venjulega 5 úr að velja: *Enskuskeið*, *Þýskuskeið*, *Verslunarskeið*, *Latinuskeið* og *Iðnskeið*, og stendur hvert um sig í 3 ár.

Á öllum skeiðunum er kent heimilisfræði (Domestic science) og heimilisiðnir (Domestic arts).

Af því, sem að framan er sagt, má meðal annars sjá, hvilika áherslu Bandaríkin leggja á kenslu á barnsaldrinum upp að 14—15 ára aldri.

*Kennaramentunin.* Sjerstök námskeið eru haldin handa kennaraefnum, eftir því hvort þeir ætla að kenna í sveit eða borg, ungum eða þroskuðum, börnum eða unglíngum. Svo eru og sjerstök námskeið fyrir sjerstakar námsgreinar. En við alla kennaraskóla er *æfingaskóli*. Æskilegt þykir, að sá, er gengur í kennaraskóla, hafi kent áður, en ekki verður sjeð, að það sje gert að beinu skilyrði fyrir því að vera tekinn í kennaraskóla.

Kennaraefni, sem hafa gengið í 4 ár í unglingskóla, eru 2 ár í kennaraskólanum og mega þá kenna í 4 neðstu bekkjum barnaskólans. — Hverju ári er skift í 3 námskeið, er hvert um sig stendur í 3 mánuði (en 3 mánuðir er sumarfri). Eiga kennaraefni auðvitað að nema og hafa um hönd í kennaraskólanum alt það, sem þeim er ætlað að kenna í barnaskólanum.

### Lesskrá kennaraskóla (tveggja ára):

#### A. Fyrri ár:

##### 1. Fyrsta skeið:

- a. *Leiðsögn til kenslu.* Ráð til að hjálpa nemendum til að velja sjer námsgreinar. Skilgreining á mismun kenslu, eftir því hverjum og hvar er kent. Æfingaskólinn heimsóttur (1 stund á viku)
- b. *Móðurmál.* Munnleg og skrifleg æfing og málfræði (5 st. á viku)
- d. *Lífæðlisfræði.* Undirbúningur undir sálarfræði og fjelagsfræði, einnig náttúrufræði og jarðyrkju (5 st. á viku)
- e. *Heilsufræði.* Skólaheilsufræði og einstaklingsheilsufræði (3 st. á viku)
- f. *Bókasafns meðferð* (1 st. á viku)

- g. *Skript* (1½ st. á viku)
- h. *Söngur* (3 st. á v.)
- i. *Samsöngur* (1 st. á v.)
- i. *Leikar og líkamsæfingar* (3 st. á v.)  
(Æfingar úti og innileikar; stjórn barnaleika).

2. *Annað skeið:*

- a. *Sálarfræði*. Uppeldisleg og almenn sálarfræði — sem grundvöllur uppeldis. Megináherslan lögð á eðlishvöt, venjumyndun og tilfinningalíf (6 st. á viku)
- b. *Barnabókmentir*. Þjóðsögur og goðasagnir, ljóð o. s. frv., æfing í framsögu (4 st. á viku)
- d. *Lestur og raddæfing* (3 st. á v.)
- e. *Söngur* (3 st. á v.)
- f. *Samsöngur* (1 st. á v.)
- g. *Iðnlistir* (6 st. á v.)
- h. *Líkamsæfingar og leikar* (3 st. á v.).

3. *Þriðja skeið:*

- a. *Frumaðferðir* við reikning. Mælingar, töluleikir. Aðferðirnar skýrðar (5 st. á viku)
- b. *Frumaðferðir* við náttúrufr. og landafr. Umhverfið lagt til grundvallar (5 st. á v.)
- d. *Iðnir og athafnir manna* (3 st. á v.)
- e. *Söngur* (3 st. á v.)
- f. *Samsöngur* (1 st. á v.)
- g. *Iðnlistir* (6 st. á v.) tágrið, vefnaður, leirhnoð.
- h. *Líkamsæfingar og leikar* (3 st. á viku).

B. *Síðara ár:*

1. *Fyrsta skeið:*

- a. *Frumaðferðir* við lestur. Aðferðir skýrðar í æfingaskólanum og saga lesæfinga (5 st. á viku)
- b. *Frumaðferðir* við móðurmál (sagnir). Verklegar æfingar (5 st. á v.)
- d. *Listir*. Dráttlist á svörtu töfluna. Stafa- og myndagerð (6 st. á v.)
- e. *Hlustað á kenslu og kent* (6 st. á viku)
- f. *Samsöngur* (1 st. á v.)
- g. *Líkamsæfingar og leikar* (3 st. á v.).

2. *Annað skeið:*

- a. *Kensla*. Nemandi er hálfan daginn í æfingaskóla (15 st. á v.)
- b. *Bekkjarstjórn*. Rökræður um kenslu o. fl. (4 st. á v.)
- d. *Kennarafundur*. Allir æfingakennarar bera sig saman um reynsluatriði (3 st. á v.)
- e. *Kensla* í prófun og notkun mælikvarða (1 st. á v.)
- f. *Líkamsæfingar og leikar* (3 st. á v.).

### 3. Þriðja skeið:

- a. Meginatriði uppeldis. Samband uppeldishugsjóna og kensluaðferða. Helstu uppeldisfrömuðir. Rökræður um ýms uppeldisatriði (3 st. á v.)
- b. Skólahald. Hús, bækur, aðbúð, skólagjöld, kennarakaup, námsskrár, kenslustundir. Samanburður við önnur lönd (3 st. á v.)
- d. Fjelagsfræði. Afstaða skólans til þjóðfjelagsins og ýmsar stofnanir þess.
- e. Byrjunarskólinn. Barnagarðar (3 st. á v.)
- f. Listir. Framhald frá fyrri skeiðum (4 st. á v.)
- g. Likamsæfingar (3 st. á v.).

Jeg hefi verið svo fjölorður um fyrirkomulag barnamentunarinnar og unglíngamentunarinnar og tilhögun kennaraskólanna í Ameríku af því að þetta skólakerfi er að mörgu leyti frábrugðið uppeldismálakerfum hjer í álfu, þó að mjer þyki það ekki í alla staði eftirbreytnivert, enda svo kostnaðarsamt, að ekki er til að hugsa að taka það til fyrirmýndar hjer á landi að svo stöddu.

Þá er að snúa sjer að því, sem þingsályktunin biður sjerstaklega at-hugað:

1. Hvort eigi muni rjettara að láta skólaskyldu koma á menn 16—20 ára, en láta þá foreldra og hjeruð sjá fyrir því, að börn hafi tilskilda þekkingu undir staðfestinguna, en landið kosti ekki annað við þá kenslu en eftirlit með prófum.

Hjer er um grundvallarbreytingu að ræða á lögskipuðu fyrirkomulagi á lýðfræðslunni hjer á landi, og var jeg að vísu ekki í neinum efa um, til hvernar niðurstöðu athugun þessa atriðis mundi leiða; en þótti þó rjett að leita þjóðaratkvæðis um það. Sneri jeg mjer til þeirra manna, sem lík-legir voru til að hafa sjerstaklega hugsað málið og þektu einkum til þess, að hve miklu leyti heimilunum væri treystandi til þess að inna af hendi þá kenslu, sem verður að teljast nauðsynleg undirstaða undir frekara nám siðarmeir, eða á 16—20 ára aldri. Hinn 26. okt. f. á. sendi jeg því brjef til allra skólanefnda, fræðslunefnda, presta, prófaste, kennara og margra próf-dómara og einstakra manna annara með eftirfarandi spurningum:

1. Hve mörg heimili í yðar skólahjeraði, fræðslubjeraði eða prestakalli teljið þjer ekki fær um að veita börnum þá fræðslu, sem ætlast er til af 14 ára börnum (til fullnaðarprófs), annaðhvort sakir vankunnáttu, vanefna eða af öðrum ástæðum?
2. Hve mörg heimili teljið þjer af sömu ástæðum ekki fær um að kenna börnum það, sem þeim er gert að skyldu að kenna með núgildandi fræðslulögum (1. gr.)?
3. Viljið þjer láta færa skólaskylduna frá barnsaldrinum til aldursins 16—20 ára? Og hve margar vikur á þeim árum teljið þjer þá hæfilegt að skylda hvern nemanda til skólanáms?
4. Hverja teljið þjer versta galla á því fyrirkomulagi, sem nú er á barnafræðslunni, og hvern veg ætlið þjer að bætt verði úr þeim?

Svör hafa borist frá 340 nefndum og einstökum mönnum, og set  
jég hjer yfirlit yfir þau:

**I. Svör við fyrstu spurningu:**

36 svara: nokkur heimili.  
47 — mörg heimili.  
43 — meira en helmingur.  
163 — flestöll heimili.  
36 — öll heimilin.

**II. Svör við annari spurningu:**

90 svara: ekkert heimili.  
88 — örfá.  
41 — fá.  
23 — minni hluti.  
22 — meiri hluti.  
19 — flest heimilin.

**III. Svör við þriðju spurningu:**

231 svara: nei.  
5 — já.

Hinir svara spurningunni ekki beint með já eða nei; vilja að vísu  
flytja skólaskylduna, en þá til annars aldurs; 42 vilja flytja hana til 12 til  
16 ára aldurs; 11 vilja flytja hana til áráanna 14—18; 22 til áráanna 14—16  
o. s. frv.

**IV. Svör við fjórðu spurningu:**

53 svara: of lág kennaralaun.  
35 — vanræksla heimilanna á þeirri kenslu, sem þeim er ætluð.  
50 — skortur á húsnæði til skólahalds.  
8 — erfitt að skifta nemendum eftir aldri og þroska.  
8 — fáfróðar og áhugalausar fræðslunefndir.  
7 — hvernig nefndirnar beita valdi sínu i kennaravali.  
5 — að kennurunum er ekki launað úr landssjóði.  
9 — of stuttur árlegur námstími.  
2 — of mikið bóknám.  
2 — árspróf óþörf, en fullnaðarpróf nægi.

33 taka fram (þótt eigi væru aðspurðir), að gildandi fræðslulög sjeu viðunandi. 11 svara: ónýtir kennarar.

Einn og einn af þeim, sem svarað hafa þessari spurningu, gefa hin og þessi önnur svör, og geta mörg þeirra að visu ekki talist svör upp á það, sem um er spurt.

Seinni lið 4. spurningar, þeirri spurningu »og hvern veg ætlið þjer að bætt verði úr göllunum?» svara menn mjög á ýmsa lund, en margir svara henni ekki.

- 7 svara: með því að útvega betri kennara.
- 3 — lengja skólaskyldutímamann um 2 ár.
- 40 — stofna heimangöngu- og heimavistarskóla i stað farskóla.
- 11 — prófa 8 eða 9 ára börn.
- 4 — afnema kristindómsfræðslu i skólum.
- 3 — ráða engan kennara, nema hann hafi kennarapróf.
- 12 — að yfirstjórn fræðslumála veiti kennarastöður.
- 4 — önnur lög fyrir sveitakenstu en kaupstaða.
- 3 — prestar sjálfkjörnir i fræðslu- og skólanefndir.
- 32 — bæta unglíngafraeðslu við núverandi barnafraeðslu, þó án skóla-*skyldu*, (flestir, að því er virðist).
- 5 — að færa skólaskylduna til 8. eða 9. árs.
- 1 — eftirlit sjerfróðra manna (4 fyrir allt landið).
- 1 — undantekningarlaus skólaskylda einhvern ákveðinn tíma allan veturinn.
- 1 — 3 mánaða unglíngakensla i 4 ár.
- 3 — unglíngaskólar stofnaðir á kostnað landssjóðs.
- 1 — fræðsluskyldan (10—14 ára barna) minst 4 mánuðir á vetri.
- 1 — 6 mánaða sýsluskólar undir fullnaðarpróf (14 ára).
- 1 — prestar og foreldrar einir um kristindómsfræðslu.
- 1 — binda borgaraleg rjettindi við fullnaðarpróf.
- 1 — kenna heilsufræði og hótsemi.
- 1 — nema fræðslulögin úr gildi.

Að öðru leyti liggja svör við þessari spurningu að miklu leyti i svörum við næstu spurningu á undan, þar sem spurt er um, hverjir þyki verstu gallarnir á núgildandi fræðslulögum. Tillögurnar til umbóta verða auðvitað i þá átt að bæta úr því, sem ábótavant þykir, »verstu göllunum«: hækka laun kennara, herða á heimilunum að gæta skyldu sinnar o. s. frv.

Það má nú að visu telja álitamál, hve mikið er byggjandi á þessum svörum sem *þjóðarvilja* i þessu máli, en varla var við að búast, að hann kæmi skýrar fram en hann gerir.

Það uppeldismálakerfi, sem nú er lögboðið hjer á landi, er svo vaxið, að megináherslan er lögð á *barnamentunina*, kenslu barna i bóklegum fræðum upp að 14 ára aldri, og opinber kensla lögboðin á 10—14 ára aldri með takmarkaðri skólaskyldu. Kostnaður við þessa fræðslu greiðist úr sveitarsjóði, en landssjóður leggur þó fram ákveðna upphæð til sveitafjelaganna. Um mentun unglínga eftir 14 ára aldur eru enn engin

lög samin, en sú unglíngafræðsla, sem nú fer fram í skólum, um 20 að tölú, er styrkt af landssjóðsfe með veitingu á fjárlögum. Stjórn þessara skólamála er í höndum hjeradsnefnda, en yfirstjórn þeirra í höndum stjórnarráðsins.

Neðri deild Alþingis 1917 skorar nú á stjórnina að athuga, hvort eigi mundi rjettara að breyta þessu fyrirkomulagi þann veg, að foreldrar og hjeruð sjái fyrir því, að börnin hafi »tilskilda þekkingu undir staðfestinguna«, en landið kosti ekki öðru til en eftirliti með prófum; það er með öðrum orðum: Hún skorar á stjórnina að athuga, hvort eigi muni rjettara að lög um barnafræðslu verði numin úr gildi og öll barnafræðsla til 14. árs verði falin heimilunum. Þar sem í þingsályktuninni segir: »tilskilda þekkingu undir »staðfestinguna«, er að visu ekki alveg ljóst, hver sú þekking á að vera. Næst liggur að skilja orðin svo, að meint sje þekking í lestri og kristinfræðum, og annað ekki; því að önnur þekking er ekki tilskilin til staðfestingar.

Í annan stað skorar deildin á stjórnina að athuga, hvort ekki mundi rjettara »að láta skólaskyldu koma á menn« 16—20 ára, og virðist deildin gera ráð fyrir að kostnað við það skólalald eigi landið að greiða, þó að það sje ekki beint tekið fram.

Nú er það hugsanlegt, að með orðunum: »tilskilin þekking undir staðfestinguna« sje meint: sú þekking, sem tilskilin er undir *fullnaðarpróf*, samkvæmt gildandi fræðslulögum, þó að orðin gefi að visu ekki tilefni til þess, og að höfundur þingsályktunarinnar og neðri deild Alþingis geri ráð fyrir, að foreldrar og hjeruð sjái börnum fyrir þeirri þekkingu á eigin spýtur. Fyrir því þótti ástæða til að grenslast eftir, hve mörg heimili á landinu gætu talist fær til þess. Svörin falla, svo sem vænta mátti, þann veg, að til þess sjeu heimilin *yfirleitt ófær*. Aftur á móti bera svörin (við 2. spurningu) það með sjer, að heimilunum sje yfirleitt treystandi til að annast kenslu í lestri og skrift, þeim greinum, sem þeim er nú að lögum ætlað að annast byrjunarkenslu í. Af þessu virðist mega ráða, að sje ætlast til þess, að unglíngar verði ekki skólaskyldir og þeim ekki sjeð fyrir neinni opinberri kenslu fyr en þeir eru 16 ára, þá geti ekki verið um að ræða neina *almenna* barnamentun áður en skólaskyldan byrjar. En afleiðingin af því hlýtur að verða sú, að unglíngaskólarnir verða þá að vinna það verk, sem barnaskólarnir (og farskólarnir) vinna nú; m. ö. o. — þeir verða í eiginlegum skilningi *barnaskólar* með 16—20 ára nemendum, að minsta kosti framan af.

Ef landsstjórnin sleppir öllum tókum á barnafræðslunni, hefir ekki önnur afskifti af henni en að halda próf yfir börnunum, hlýtur svo að fara, að barnafræðslan verði sama sem engin á mýmörgum heimilum, önnur en meiri eða minni kensla í lestri og skrift og yfirheyrsla »kvers«. Á það benda og ótvírætt áður nefnd svör, sem telja flestöll heimilin ófær til að veita þá litlu fræðslu, sem nú er að lögum skylt að veita 14 ára börnum, og þó nokkur ófær til að veita þá þekkingu, sem heimtuð er af 10 ára börnum.

Nú er *þekkingin*, sem barnaskólarnir eiga að veita, ekki hið eina, sem þeim er ætlað að vinna að uppeldi æskulýðsins, jafnvel *ekki aðal-*

*atriðið* — heldur hitt, að hafa góð áhrif á sálargáfur barnanna og hugsunarhátt þeirra. Á mis við þau áhrif frá þar til mentuðum kennurum mundi allur þorrinn af íslenskum börnum fara, ef kipt væri burt allri opinberri barnafræðslu og lýðmentunin byggð eingöngu á fræðslu 16–20 ára manna. Af slíkri vanrækslu á andlegu uppeldi á barnsaldrinum mundi þjóðarmentunin bíða það tjón, sem með engu móti væri auðið að bæta síðar.

Af framangreindum ástæðum er ómögulegt að fallast á þá stefnu í uppeldismálum, að landsstjórnin láti barnauppeldið til 14. árs eða 16. afskiftalaust, enda væri hún einstæð í heiminum.

En fleiri rök liggja til þess, að ótíltækilegt þykir að flytja skóla-skylduna til 16–20 ára aldurs, og þá sjerstaklega þau, að fátækt land, eins og Ísland er, land, sem er fátækt af því að það skortir vinnukraft, má illa við því að skerða þann vinnukraft, sem til er, en það mundi skólaskylda á þessum árum gera tilfinnanlega. En sje hendinni slept af barnafræðslunni og skólaskylda *ekki* lögleidd í unglingskólunum, hvort sem í þá skóla ganga 14–16 ára unglingar, sem margir gera ráð fyrir, eða 16–20 ára menn, þá er fyrirsjáanlegt, að það verður aðeins litill hluti allrar þjóðarinnar, sem nýtur nokkurrar bókfræðslu. Væri barnafræðslunni kipt burt — nema þeirri, sem betri heimili veita eftir sem áður — þá er ástæða til að ætla, að aðsóknin af sjálfsdáðum að unglingskólunum verði minni en nú er hún til unglingskólanna, gagnfræðaskólanna og kvennaskólanna. Reynslan annarstaðar í heiminum er sú, að því staðbetri sem barnafræðslan er, því meiri er aðsóknin að þeim skólum, sem veita framhaldsmentun eða sjermentun; og sú mundi verða reyndin hjer.

Að unglingsmentuninni, eða framhaldsmentun eftir barnsaldurinn, verður vikið síðar, en fyrst athugaður 2. liður þingsályktunarinnar.

2. Í þessum lið þingsályktunarinnar er gert ráð fyrir því, að engin opinber barnafræðsla fari fram í landinu, og skorað á stjórnina að athuga, hvern veg þá skyldi haga skólum handa mönnum á skólaskyldum aldri, og einkum þó »hvernig kensla í öllum þjóðlegum íslenskum fræðum megi njóta sín sem best, og söngur og íþróttir og annað það, sem feugar lifið og gleður mennina«.

Það er áður tekið fram, að námsefnið í skólum fyrir 16–20 ára menn verði, að minsta kosti framan af, að vera mjög svo hið sama og í barnaskólum, ef nemendurnir hafa enga undirbúningsmentun fengið, en auðvitað verður að haga kenslunni þar öðruvísi en í barnaskólum, þar sem andlegur þroski er meiri og námsefnið því getur verið meira, erfiðara og margbrotnara þegar fram í sækir.

Skólar þessir munu ekki hafa eins mikla *uppeldislega* þýðingu og barnaskólar, en þeir veita meiri *þekkingu* á jafnlöngum tíma. Þó er ástæða til að taka það fram, að ekki má vænta af nemendum þeirra eins mikilla framfara í námi og margur virðist gera sjer vonir um, einmitt fyrir þá sök, að þá vantar námsæfingu þegar þeir koma í skólana, ef þeir hafa lítið sem ekkert átt við nám áður. Að öðru leyti er erfið að gera grein fyrir því fyrirfram, »hvernig haga skuli« skólum fyrir 16–20 ára menn. Útlendar fyrirmyndir eru að visu nógar til, og má búast við að skólar



hjer á landi mundu verða reknir á svipaðan hátt, þó að ávalt verði að taka nauðsynlegt tillit til landsins, sögu þess, bókmenta, atvinnuvega o. s. frv. Um það, »hvernig kensla í öllum þjóðlegum, íslenskum fræðum megi njóta sín sem best« og »söngur og íþróttir og annað það, sem feugar lífið og gleður mennina«, skal ekki annað tekið fram en það, að þar sem allt þetta verður kent í skólanum og haft þar um hönd, varðar mestu að útvega sem allra besta kennara til að leiðbeina í þessum fræðum, og auðvitað sjermentaða menn til að kenna t. d. söng og íþróttir.

3. Kennaraskólanum er frá upphafi ætlað það hlutverk að búa kennara undir að vinna í *barnaskólum*. Flýtur því af sjálfu sjer, að honum þarf að breyta, eða auka við hann, ef nemendum hans er ætluð vinna í æðri skólum. Þar sem hjer er gert ráð fyrir að barnafræðslan geri ekki einungis að halda áfram eftirleiðis eins og hingað til, heldur verði hún endurbætt og fullkomnuð á ýmsa lund, verður auðvitað að gera ráð fyrir því, að kennaraskólinn fari með uppeldisfræðakenslu eftir sem áður. En gagnfræðakensluna þarf að auk. Nemendurnir þurfa að fá fyllri þekkingu í því, sem nú er kent, og bæta verður við nýjum námsgreinum, t. d. tungu einhverrar stórþjóðanna, líklega Ensku. Maður, sem á að stýra góðum unglingskóla, verður að vera viðsýnn og vel mentaður.

Slika breytingu á kennaraskólanum mætti gera annaðhvort með því að lengja kenslutímam, láta skólann standa fleiri ár, eða lengri tíma á hverju ári, t. d. 9 mánuði, eða með því að hækka til muna kröfurnar til inntöku-prófs í hann. Ef um lengingu kenslutímans væri að ræða, teldi jeg ráðlegra að fjölga árunum en að lengja árlegan kenslutíma upp í 9 mánuði. Eru þó miklir erfíðleikar á hvorutveggja. Tiltækilegra verður, ef til vill, hitt: að heimta til muna meiri undirbúningsmentun undir skólann, og verður þá þó allmikill vandi að ákveða, hve mikið heimta má. Það gæti komið til mála að gera gagnfræðapróf að inntökuskilyrði. Ættu barnakennarar þá að mega lúka prófi eftir aðeins 2 ár í skólanum ( $2 \times 6$  mánuði), en unglingskólakennarar eftir 3 ár eða  $3 \times 6$  mánuði (meira próf). Þætti of mikils krafist að heimta gagnfræðapróf til inntöku, og þætti nægja að heimta álika mikla mentun og þriggja ára nám í kvennaskóla, eða tveggja ára nám í góðum unglingskóla, væri nauðsynlegt að halda inntökupróf, sem trygði það rækilega, að innsækjandi hefði tilskilda þekkingu.

Í unglingskólum þeim, sem reknir hafa verið að undanfögnu, hefir vantað tilfinnanlega góða kenslukrafta í ýmsum námsgreinum, og hefir það meðal annars orðið til þess, að skólarnir hafa borið litinn árangur. Þó að ekki sje ráð fyrir því að gera, að sú breyting verði á ger fræðslumálakerfi landsins, sem þingsályktunin berdir til, væri samt sem áður nauðsyn að breyta kennaraskólanum á líkan hátt og að framan greinir, og gera síðan meira próf frá honum að skilyrði fyrir styrk til unglingskóla af landsjóðsje.

En sú breyting á honum, sem mesta áherslu verður að leggja á, er sú, að stofnaður verði við hann *æfingaskóli* með fyrirmyndar kenslukröftum. Sá var gallinn mestur á skólanum, þegar hann var stofnaður, og hefir jafnan verið síðan, að þetta var ekki gert.

4. Starf lýðskólakennara, hvort heldur er við barnaskóla eða æðri skóla, er svo vandasamt og svo þýðingarmikið fyrir þjóðfjelagið, að til þess verða

að veljast góðir menn; öll uppskeran er undir því komin, að kennararnir sjeu góðir. Af þeim verður því fyrst og fremst að heimta, að þeir sjeu áhugasamir og duglegir menn, en ekki síður það, að þeir búi sig vel undir kennarastarfið. Af því flýtur aftur, að þeim verður að bjóða svo góð kjör, að góðir menn vilji þiggja, svo að kennarastarfið verði lífsstarf þeirra.

Nú á tímum eru miklir erfiðleikar á að ákveða kaup kennara í krónutali, en það eitt er hægt að segja, að kaupið verður að miðast við það, fyrir hvað er hægt að lifa sómasamlegu lífi, svo sem sambóðið er stöðu þeirra. Sanngjarn er, að kaup kennara við æðri skólana sje nokkru hærra en kaup barnakennara, þar sem heimta verður af þeim lengri og dýrari undirbúning undir stöðuna.

5. Hjer á landi eru, eins og kunnugt er, að eins tveir gagnfræðaskólar kostaðir að öllu leyti af landssjóði; veita þeir almenna mentun og búa nemendur undir embættisnám í lærdómsdeild hins almenna mentaskóla. Auk þeirra er Flensborgarskólinn, sem kennir sömu fræði og stendur álika lengi. — Að öllum þessum skólum hefir hingað til verið svo mikil aðsókn, að ekki virðist rjett að leggja neinn þeirra niður. Að þeim öllum hafa jafnt aðgang konur sem karlar.

Í þeim öllum er því »steyppt saman« bókfræðikenslu karla og kvenna. Hjer verður því að eins spurning um það, hvort gera skuli þá breytingu á kvennaskólunum, að hætta að kenna í þeim alt annað en það, »er konur einar læra«.

Í fljótu bragði virðist svo sem þetta mætti takast, því að kensla í þessum skólum, umfram það, sem konur einar læra, tekur mikinn tíma og eykur því talsvert kostnað við skóla þessa. Að því leyti ætti að mega spara fje til kvennaskólanna með því að nema þá kenslu burt. En það er þó efasamt, hvort ekki stendst á hvað vinst og hvað tapast. Væri ekki annað kent í kvennaskólunum en hússtjórn, matreiðsla og kvenhandavinna, mundu ekki aðrar konur sækja þá skóla en þær, sem þetta vildu læra; en líklega sækja flestar stúlkur kvennaskólana nú í þeim tilgangi að menta sig bæði til munns og handa; og þó að þær sumar hverjar kunni að koma þangað sjerstaklega í þeim tilgangi að læra verkleg kvenstörf, þá neyðast þær til að nema nokkuð í bókfræðum, sem síst er vanþörf á. Ef bóklegri kvenmentun á ekki að fara aftur hjer á landi, sem hún má illa við, verður að heimta talsverða bóklega undirbúningsmentun undir þessa kvennaskóla, helst ekki minni en fullnaðarpróf frá lýðskólum, enda er nokkur ælmenn mentun nauðsynleg undirstaða verklega námsins. En þá virðist hentugra að kvenþjóðin eigi kost á allri þeirri mentun, sem henni er nauðsynleg, í einum og sama skóla, enda sennilegt, að mörg stúlkan treysti sjer ekki til að ganga bæði í lýðskóla og kvennaskóla, sem sjer sjer þó fært að sækja kvennaskólana, eins og nú eru þeir, 1 eða 2 vetur, gengju svo í engan skóla, sumar hverjar, og færu þannig á mis við alla mentun, bæði til munns og handa. Slik breyting á kvennaskólum gæti því boðað *afturför* í mentun kvenna, og óvist að fjársparnaðurinn yrði mikill, þegar öllu er á botninn hvolft.

6. Flutningur mentaskólans frá Reykjavík og eitthvað upp í sveit hefir áður komið til tals, og þegar kennaraskólinn var reistur í Reykjavík, kom

vist ýmsum til hugar að reisa hann heldur uppi í sveit, þó að hitt yrði ofaná. Meðal annara, sem síðan hafa ritað um það mál, er Jónas Jónsson, kennari, frá Hriflu, sem þá var kennari við skólann. Ástæður hans fyrir að flytja kennaraskólann austur í Ölfus eða upp í Borgarfjörð voru þær, að »vistin þar yrði nemendunum kostnaðarminni og að skólinn yrði miklu betri, ef hann stæði á heilnæmum stað uppi í sveit heldur en í mislitu kauptúni eins og Reykjavík«. Aðrar ástæður hafa yfirleitt ekki verið færðar fyrir því að flytja þennan skóla úr aðalmentunarstöð landsins. Og aðrar ástæður en þessar verða væntanlega ekki færðar fyrir því að flytja mentaskólann burt úr höfuðstaðnum.

Til þess að verða sem táorðastur um þetta atriði, skal jeg láta nægja að visa til greinar í Skólablaðinu (X. árg. 50. bls.) þar sem þessi flutningstíllaga er athuguð allitarlega og komist til þeirrar niðurstöðu, að flutningurinn væri ógerningur, frá hvaða hlið sem á hann væri litið. Sömu ástæður með og móti flutningi hins almenna mentaskóla má búast við að færðar verði fram.

Sú niðurstaða, sem jeg hef þvi komist að, að þvi er snertir 6 liði þingsályktunarinnar, er þessi:

1. Að það sje með öllu ótílkæilegt að landsstjórnin sleppi hendinni af barnamentuninni í landinu, hafi engin afskifti af henni, önnur en að láta halda próf yfir börnum, og kosti engu til hennar, öðru en því, sem prófin kosta eða eftirlitið með þeim, og að ekki sje fært að leggja skólaskyldu á 16—20 ára menn, eins og til hagar hjer á landi.
2. Að tími hefir ekki unnist til þess að rannsaka svo ítarlega sem þörf væri á, hvernig haga skyldi skólum handa 16—20 ára nemendum, og einkum hvernig kensla í öllum þjóðlegum íslenskum fræðum megi njóta sín sem best, og söngur og íþróttir og annað það, sem feugar lifið og gleður mennina, — ef hugsað er til þess, að þessum skólum verði hagað verulega öðruvísi en erlendum skólum á sama reki.
3. Að kennaraskólanum þurfi að breyta, svo að þeir, sem kennaraprófi lúka, hafi meiri almenna mentun og helst góða þekkingu í Dönsku og Ensku, svo að barnakennarar og alþýðukennarar verði færir um að kenna þau mál. Og auka við hann æfingaskóla með svo góðum kenslukröftum, að til fyrirmyndar geti verið fyrir kennaraefnin.
4. Að laun alþýðuskólakennara verði að ákveðast eftir þeim mælikvarða, að þessir starfsmenn landsins geti fyrir þau lifað sómasamlega og svo sem stöðu þeirra í þjóðfjelaginu hæfir.
5. Að eigi sje tílkæilegt að breyta kvennaskólunum svo, að þar verði ekkert kent annað en það, sem konur einar læra, með því að sú breyting mundi boða afturför í almennri mentun kvenna hjer á landi, sem mætti telja hið mesta óráð og þjóðinni til tjóns, — og að gagnfræðaskólum megi ekki fækka.
6. Að flutningur mentaskólans og kennaraskólans upp í sveit mundi ekki verða fjárhagslegur vinningur, hvorki fyrir nemendur nje landssjóð, og tvísýnt að það næði til náms, sem sveitalífið hefir í för með sjer, gerði betur en vega móti því tapi, sem það mundi baka skólanum að vera fluttur burt úr aðalmentunarstöð landsins. Heimavistaraskóli í Reykjavík

mundi sameina kosti sveitalífsins: ró og næði til vinnu, og kosti Reykjavíkur: mentunartæki bæjarins.

**Unglingaskólar,**  
*framhald barnaskólanáms.*

Hjer að framan er gerð grein fyrir því, að ógerningur sje að gera þá breytingu á uppeldismálum þjóðarinnar, að sleppa með öllu hendinni af barnafræðslunni og fela hana heimilunum, en byggja lýðmentunina einvörðungu á skólum fyrir 16—20 ára fólk. Jeg tel þvert á móti nauðsynlegt að bæta barnafræðsluna með betri kennurum og betri aðbúnaði.

En hversu fullkomin sem barnafræðslan verður gerð, má ekki nema staðar við hana, heldur verður að stilla svo til, að framhald hennar verði gert aðgengilegt fyrir námfúsa og efnilega unglínga, og er þetta hvorttveggja mjög í samræmi við þær skoðanir, sem komið hafa fram í svörum manna víðsvegar á landinu, sem mjer hafa borist upp á spurningar þær, er áður getur (sbr. yfirlit yfir svörin).

Það eru nú þegar nokkuð mörg ár síðan áhugi vaknaði fyrst á framhaldsmentun unglínga, og hafa verið stofnaðir alls 30 unglíngaskólar. Margir þeirra hafa brátt dottið úr sögunni, og hafa seinni árin verið reknir nær 20 frá 3 og upp í 6 mánuði á ári, með fleiri og færri nemendum. Það hefir þannig verið allmikið los á þessum skólum, og er það eðhilegt eftir því hvernig til þeirra hefir verið stofnað. Það er ýmist að sveitarfjelögin hafa stofnað til þeirra, eða þá einstakir menn — og það er tíðast. Fæstir þeirra hafa átt kenslúhús, og allir hafa þeir átt við þröngan fjárhag að húa. Landsstjórnin hefir styrkt þá með talsverðri fjárupphæð og fræðslumálastjórnin hefir gefið út reglur fyrir þá og staðfest reglugerð fyrir hvern skóla, sem hefir m. a. verið skilyrði fyrir landssjóðsstyrknum. Að öðru leyti hefir stjórnin svo sem engin afskifti haft af þessum skólum. Engar ákveðnar kröfur hafa verið gerðar til kenslukrafta við þá, enda hefir gagnsemi þeirra sumra verið vafasöm.

Í raun og veru er ekkert út á það að setja, að framhaldsskólar vinni sem frjálsast og óháðast, hafi svigrúm til að reyna fyrir sjer og haga sjer eftir kringumstæðunum. En það virðist þó nauðsynlegt að setja þeim frekari skörður en gert hefir verið, einkum að því leyti að gera ákveðnar kröfur til kennaramentunarinnar.

Í sumum sýslum hafa risið upp 2 eða 3 og jafnvel 4 unglíngaskólar, en í sumum enginn. Sumir þessir skólar hafa tekið við svo vankunnandi unglíngum, að aðalstarf þeirra hefir ekki getað orðið annað en almenn barnafræðsla. Þeir hafa því ekki getað veitt neina *framhaldsmentun* í þeim skilningi, sem hjer er átt við. Jeg hefi ekki trú á því, að smáskólar, eins og þeir sem hjer hafa verið að þjóta upp, vinni verulegt gagn. Það mun reynast erfitt að gera þá svo úr garði að húsakynnum, kenslukröftum og kenslutækjum sem þörf er á. Ráðlegra virtlist mjer að þeir væru færri og stærri. Það þarf hvort sem er að hafa við þá heimavistir, og munar þá nemandann minstu, hvort hann fer einni eða tveimur bæjarleiðunum lengri eða skemri leið. Eins og nú

stendur, fá þeir unglíngaskólar styrk af landssjóðsþje, sem standa aðeins 3 mánuði. Flestir nemendurnir koma aðeins einn vetrartíma í skólann, og er þá ekki að búast við mikilli uppskeru, allra síst hafi nemendurnir komið svo illa undirbúnir, að þeir voru ómóttækilegir fyrir æðra nám.

Til þess að koma á góðri framhaldskenslu mætti byrja með því að stofna 4 unglíngaskóla, einn í hverjum landsfjórðungi, hvern skóla handa t. d. 50 nemendum, og gera þá svo vel úr gærði að öllu leyti, að vissa væri fyrir því, að þeir yrðu til verulegra þjóðþrifa. Styrkja svo ekki aðra unglíngaskóla af landssjóðsþje. Skyldu þeir vera tveggja ára skólar fyrir unglínga á 14 til 18 ára aldri. Fyrirkomulag þeirra að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að gera að umtalsefni að svo stöddu.

Skólar þessir ættu að vera í sveit

1. fyrir Suðurland í Árnessýslu
2. — Vesturland í Ísafjarðarsýslu
3. — Norðurland í Eyjafjarðarsýslu
4. — Austurland í Múlasýslunum

og reknir að öllu leyti á kostnað landsjóðs; kensla ókeypis og engin skóla-skylda. Þeir verða auðvitað að vera heimavistarskólar, og nemendur greiði fullt gjald fyrir vist sína þar.

Eins og kunnugt er, hefir Eiddaskólanum verið breytt nokkuð svo í sömu átt og jeg hugsa mjer unglíngaskóla þessa, og virðist mjer geta komið til mála að hann yrði einn af fjórum unglíngaskólum landsins.

Á Vesturlandi er Ungmennaskólinn að Núpi í Dýrafirði, sem og gæti komið til mála að auka að húsakynnum og kenslukröftum, ef þarf, og hlyna svo að sem þörf gerist til þess að hann gæti verið áfram unglíngaskóli fyrir Vesturland.

Þá þyrfti ekki að reisa nema 2 skóla af nýju: á Suðurlandi og Norðurlandi. Það skal tekið fram, að enda þó að jeg hafi nefnt sjerstaklega fjórar sýslur, þar sem skólar þessir ættu að standa, þá er það engan veginn meiníng mín, að skólana þurfi endilega að einskorða við þær sýslur. Sumum mundi koma til hugar Borgarfjórður eða önnur hjeruð. Ræða mætti og það, hvort Flensborgarskólinn gæti ekki komið í stað nýs skóla fyrir Suðurland, þó að jeg teldi að visu hentugra að skólar þessir stæðu allir í sveit, á sinni eigin jörð og með jarðnæði handa kennurum.

En auk þessara unglíngaskóla væri tilvalið að stofnað væri til kenslu í kaupstöðum og kaupúnum handa 14 til 18 ára fólki, þar sem það gæti aflað sjer framhaldsmentunar í einstökum greinum, eftir fullnaðarpróf í barnaskólum. Slikum námskeiðum væri auðvelt að koma upp með litlum kostnaði, en rjett tel jeg þó, að landssjóður legði nokkuð þje til þeirra og landsstjórnin eða yfirstjórn fræðslumálanna hefði afskifti af stjórn þeirra og rjeði tilhöguninni.

Þó að skólar þessir, eða námskeið, væru kveldskólar, gerðu þeir mikið gagn, ef vel væri á haldið. Hefir þetta verið reynt í Reykjavík og víðar og þótt koma að ágætum notum. Kenslukrafta til þessarar kenslu er auðið að fá góða fyrir lítið verð, þar sem alt af er eitthvað af mentuðum mönnum í kaupstöðunum, og húsnæði í einhverju því skólahúsi, sem annars er kent í fyrri hluta dags.

## Breytingar á fræðslulögnum.

Í niðurlagsatriði þingsályktunarinnar skorar Nd. Alþingis á stjórnina, að rannsaka, hvernig verði bætt úr verstu göllunum á því fyrirkomulagi fræðslumálanna, sem er, einkum hvernig komist verði hjá að láta kennara sæta »miskunnarlausri meðferð«.

Núverandi fræðslufyrirkomulag er lögfest með lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907. Það hefir þannig verið reynt í 11 ár. Með áður nefndu brjefi til þeirra, sem á þessum tíma hafa átt að beita lögnum og lifa við þau, hefir verið leitað álits þeirra um, hverjir hefðu reynst helstu gallar laganna, og hvernig mætti bæta úr þeim. Álit þeirra felst í svörunum, og er bert af þeim, að ekki er óskað eftir grundvallarbreytingu á fyrirkomulaginu; þvert á móti; en nefndir eru ýmsir gallar á lögnum, sem bæta megji úr, og eitt og annað nefnt til umbóta. Flest af því, sem nefnt er, er að vísu ekki gallar á lögnum sjálfum, heldur skortur á tryggingu fyrir því, að þeim sje hlýtt, eða erfiðleikar á, að fá þeim kröfum, sem þau gera, framgengt.

Þetta er hið helsta, sem nefnt er: Of lág kennaralaun, ábugalausar skólanefndir og fræðslunefndir, ljelegir kennarar, vanræksla heimilanna að kenna lestur, einræði eða ranglæti nefndanna í kennaravali, erfiðleikar á að fá kenslustofur og staði fyrir farskólana. Að öðru leyti visa jeg um þetta til yfirlitsins yfir svörin eða svaranna sjálfra.

*Til umbóta* er þetta sjerstaklega nefnt: Útvega betri kennara, stofna fasta skóla, eða heimavistaskóla í stað farskólanna og eftirlits með heimafræðslu, auka unglíngufræðsluna — flestir taka fram, að þeim skólum fylgi ekki skólaskylda —, að kennarasýslanir verði veittar af yfirstjórn fræðslumálanna, að flytja fræðsluskylduna — (flestir vilja flytja hana til áráanna 12 til 14 eða 16), tryggingu fyrir því, að fræðslulögin verði vel framkvæmd o. s. frv.

Þetta eru raddir þjóðarinnar um gallana á fræðslufyrirkomulaginu og tillögur hennar um umbætur.

Seinni árin hefir verið skrifað með talsverðri alvöru um breytingar á fræðslulögnum. Vil jeg sjerstaklega benda á greinar sjera *Gísla Skúlasonar* í Þjóðólfi í september og október f. á. og *fundarályktanir kennarafundar á Austurlandi* f. á. (Austri 26. maí 1917). Jeg verð að láta mjer nægja, að visa til »Þjóðólfs« og »Austra« um þær tillögur til breytinga og endurbóta, sem þar eru settar fram, og vil jeg nú með hliðsjón á því, sem aðrir hafa lagt til þessara mála, minnst á nokkur helstu atriði þeirra.

### 1. Fræðsluskylda og fræðslukröfur.

Samkvæmt fræðslulögnum er fræðsluskylda barna frá 10. til 14. árs, en til 10. árs eiga heimilin að annast fræðsluna, tilsögn í lestri og skrift. Þessu þykir mjer ekki ástæða til að breyta. Eins og til hagar hjer á landi — að minsta kosti til sveita — verður ekki hjá því komist að fela heimilunum lestrarkensluna, enda bera svör þau, sem borist hafa, vitni um það, að heimilin sjeu yfirleitt fær um að kenna lestur og skrift, — en ekki heldur

öllu meira. Miklar kvartanir eru að vísu yfir því, að þau vanræki þessa skyldu sína, en þá er að herða á aðhaldinu og eftirlitinu með því, að þau gegni skyldu sinni í þessu efni. Mætti gera það meðal annars með því að halda próf yfir börnunum 8 og 9 ára gömlum, og gera síðan lestrarpróf að skilyrði fyrir því að vera tekin í skólana 10 ára.

Megi nú gera ráð fyrir því, að börnin komi 10 ára og vel læs í skólana, svo að tiltölulega litill tími gangi þar til lestraræfinga, má og gera talsvert hærri kröfur til þekkingar þeirra í öðrum greinum um 14 ára aldur, eða til fullnaðarprófs, t. d. í Íslandssögu, náttúrufræði og landafræði, og þó bæta við þær greinar, sem nú eru lögboðnar, teiknun og leikfimi, eða kenslu í leikum, sem ætti að vera sjálfsagt að hafa um hönd í hverjum barnaskóla.

## 2. Skifting landsins í skólahjeruð. Skólahús.

Eins og nú er varið skiftingu hjerada með tilliti til barnafræðslunnar, eru kaupstaðir, verslunarstaðir og sjóþorp *skólahjeruð*, en *fræðsluhjeruð* eru hrepparnir til sveita nefndir. Í sama hreppi getur verið bæði skólahjerað og fræðsluhjerað.

Rjettara virðist að kalla hvert það hjerað, sem hefir sameiginlega stjórn kenslumála og sameiginlegan fjárhag að því er þau snertir, *skólahjerað*, og skifta öllu landinu í skólahjeruð eftir því. Að vísu hefi jeg, með aðstoð dr. Ólafs Dan. Danielssonar, gert tilraun til að skifta öllu landinu í skólahjeruð; en slíkt er vandaverk að gera, þarf mikinn kunnugleika til, og sjálfsagt að bera það undir hjeradsbúa á einhvern hátt. Mætti ef til vill leita áhlits sýslunefnda um það, og biðja þær að gera tillögur um skiftingu sýslunnar í skólahjeruð. Eins og sjá má af eftirfarandi skiftingu, er tveimur hreppum allviða steyppt saman í eitt skólahjerað og sumstaðar þremur. En lengra væri hugsanlegt að ganga í því, einkum þar sem svo er gisbýlt, að reisa verður heimavistarskólahús fyrir öll börnin, sem kenslu njóta í senn, hvort sem er.

### Skólahjeruð.

	Mannfjöldi 1910.
1. Hörgslandshreppur ... ..	292
2. Kirkjubæjarhreppur ... ..	252
3. Leiðvallar-, Álftavers- og Skaftártunguhreppar ...	450
4. Hvammshreppur ... ..	510
5. Dyrhólahreppur... ..	331
6. Austur-Eyjafjallahreppur .. ..	398
7. Vestur-Eyjafjallahreppur .. ..	502
8. Landeyjahreppur, eystri og vestri .. ..	687
9. Fljótshlíðarhreppur ... ..	469
10. Hvals- og Rangárvallahreppar ... ..	643

11. Landmanna- og Holtahreppar ... ..	679
12. Ásahreppur .. ... ..	646
13. Vestmannaeyjahreppur ... ..	1319
14. Gaulverjabæjarhreppur ... ..	376
15. Stokkseyrarhreppur ... ..	897
16. Eyrarbakkahreppur ... ..	840
17. Sandvíkurhreppur ... ..	262
18. Hraungerðishreppur ... ..	362
19. Villingaholtshreppur .. ... ..	362
20. Skeiða- og Gnúpverjahreppur.. ... ..	529
21. Hrunamannahreppur . ... ..	454
22. Biskupstungnahreppur ... ..	521
23. Laugardals-, Þingvalla- og Grafningshreppar ...	372
24. Grimsnesshreppur ... ..	413
25. Ölfus- og Selvogshreppar . ... ..	684
26. Grindavíkurhreppur... ..	358
27. Hafnahreppur ... ..	200
28. Miðnesshreppur .. ... ..	377
29. Gerðahreppur ... ..	647
30. Keflavíkurhreppur ... ..	575
31. Vatnsleysustrandarhreppur ... ..	432
32. Garða- og Bessastaðahreppur.. ... ..	472
33. Hafnarfjörður ... ..	1547
34. Reykjavík ... ..	11600
35. Seltjarnarnesshreppur ... ..	440
36. Mosfells- og Kjalarnesshreppur ... ..	571
37. Kjósahreppur ... ..	376
38. Ytri-Akraness hreppur ... ..	808
39. Innri-Akraness-, Leirár- og Melahreppar ... ..	452
40. Strandar- og Skilmannahreppar ... ..	311
41. Andakílshreppur.. ... ..	326
42. Skorradals- og Lundareykjadalshreppar ... ..	308
43. Reykholtisdals- og Hálsahreppar ... ..	356
44. Hvítársíðu- og Þverárhliðahreppar ... ..	264
45. Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppar ... ..	472
46. Borgarhreppur ... ..	478
47. Álftaness- og Hraunhreppar ... ..	540
48. Kolbeinsstaða- og Eyjahreppar ... ..	347
49. Staðarsveit og Miklaholtshreppur... ..	493
50. Breiðvíkurhreppur... ..	181
51. Ytri-Neshreppur.. ... ..	491
52. Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur... ..	705
53. Eyrarsveitarhreppur ... ..	457
54. Stykkishólmshreppur.. ... ..	721
55. Helgafellssveit og Skógarstrandahreppar ... ..	538
56. Hörðudals- og Miðdalahreppar ... ..	518
57. Haukadals- og Laxárdalshreppar .. ... ..	479



58. Hvamms- og Fellsstrandarhreppar. ... ..	400
59. Skarðsstrandar- og Saurbæjarhreppar... ..	624
60. Geiradals- og Reykhólahreppar ... ..	422
61. Gufudals- og Múlahreppar ... ..	322
62. Flateyjarhreppur. ... ..	397
63. Barðastrandarhreppur ... ..	321
64. Rauðasandshreppur... ..	465
65. Patrekshreppur... ..	475
66. Tálknafjarðarhreppur ... ..	321
67. Dalahreppur ... ..	209
68. Suðurfjarðarhreppur.. ... ..	449
69. Auðkúluhreppur.. ... ..	294
70. Þingeyrarhreppur ... ..	755
71. Mýrahreppur ... ..	414
72. Mosvallahreppur. ... ..	608
73. Suðureyrarhreppur ... ..	361
74. Ísafjörður ... ..	1854
75. Hólshreppur. ... ..	1021
76. Eyrarhreppur ... ..	592
77. Súðavíkurhreppur ... ..	581
78. Ögurhreppur ... ..	383
79. Nauteyrar- og Snæfjallahreppar ... ..	443
80. Grunnavíkurhreppur.. ... ..	281
81. Sljettuhreppur ... ..	463
82. Árness hreppur... ..	431
83. Kaldrananesshreppur. ... ..	322
84. Hrófbergs- og Kirkjubólshreppar ... ..	550
85. Fells- og Óspakseyrarhreppar ... ..	234
86. Bæjarhreppur ... ..	320
87. Fremri-Torfastaða- og Staðarhreppar... ..	386
88. Ytri-Torfastaðahreppur ... ..	304
89. Kirkjuhvammshreppur ... ..	412
90. Þverárhreppur ... ..	303
91. Þorkelshólshreppur ... ..	260
92. Ás- og Sveinsstaðahreppar .. ...	439
93. Torfalækjar- og Svinavatnshreppar ....	664
94. Bólstaðarhlíðarhreppur ... ..	312
95. Engihlíðarhreppur ... ..	296
96. Vindhælishreppur ... ..	646
97. Skefilsstaða- og Skarðshreppar ... ..	408
98. Sauðárkrókshreppur... ..	473
99. Staðar- og Seiluhreppar... ..	480
100. Lýtingsstaðahreppur .. ...	448
101. Akrahreppur. ... ..	496
102. Rípur-, Viðvíkur- og Hólahreppar. ... ..	612
103. Hof- og Fellshreppar ... ..	778
104. Haganess- og Holtshreppar ... ..	641

105. Hvanneyrarhreppur ... ..	654
106. Þóroddsstaðahreppur . ... ..	473
107. Svarfaðardalshreppur ... ..	981
108. Arnarnesshreppur ... ..	914
109. Skriðu- og Öxnadalshreppur... ..	386
110. Glæsibæjarhreppur ... ..	618
111. Hrafnagilshreppur ... ..	320
112. Saurbæjarhreppur ... ..	537
113. Öngulsstaðahreppur... ..	395
114. Grimseyjarhreppur ... ..	101
115. Akureyri ... ..	2084
116. Svalbarðsstrandar- og Hálshreppur ... ..	616
117. Grytubakkahreppur ... ..	577
118. Flateyjarhreppur ... ..	114
119. Ljósavatns- og Bárðdælahreppur... ..	509
120. Skútustaðahreppur ... ..	276
121. Reykdælahreppur ... ..	363
122. Aðaldælahreppur ... ..	400
123. Húsavíkurhreppur ... ..	926
124. Kelduness- og Axarfjarðarhreppur ... ..	393
125. Fjallahreppur ... ..	66
126. Presthólahreppur ... ..	295
127. Svalbarðshreppur .. ...	226
128. Sauðanesshreppur ... ..	389
129. Skeggjastaðahreppur .. ...	223
130. Vopnafjarðarhreppur.. ...	742
131. Jökuldals- og Hlíðarhreppur... ..	356
132. Tungu- og Hjaltastaðahreppur ... ..	494
133. Fella- og Fljótaldshreppur ... ..	496
134. Borgarfjarðarhreppur ... ..	432
135. Loðmundarfjarðar- og Seyðisfjarðarhreppur ... ..	271
136. Seyðisfjörður ... ..	928
137. Skriðdals-, Valla- og Eiðahreppur . ... ..	664
138. Mjóafjarðarhreppur ... ..	295
139. Norðfjarðarhreppur ... ..	784
140. Eskifjarðarhreppur .. ...	425
141. Helgustaðahreppur ... ..	261
142. Reyðarfjarðarhreppur ... ..	331
143. Búðahreppur ... ..	393
144. Fáskrúðsfjarðarhreppur ... ..	423
145. Stöðvar- og Breiðdalshreppur . ... ..	527
146. Berunesshreppur ... ..	182
147. Geithellnahreppur ... ..	358
148. Bæjarhreppur ... ..	211
149. Nesjahreppur ... ..	328
150. Mýrahreppur ... ..	191

151. Borgarhafnarhreppur	...	...	...	...	...	...	188
152. Hofshreppur	...	...	...	...	...	...	210


*Skólahús* til að kenna í þurfa að vera til í hverju fræðsluhjeradi, og heimavistarhús þar sem nauðsynlegt er. Sumstaðar á landinu hagar svo til, að öll skólaskyld börn í skólahjeradini geta náð til sama skólahússins, ef þeim, sem lengst eru að, er komið fyrir á næstu bæjum. Það fyrirkomulag má hafa víðar en gert er. Þar þarf engar heimavistir. En víða er þetta ómögulegt, og er þá nauðsynlegt að byggja í sambandi við skólahúsið húsakynni handa börnum og kennara.

Nú á tímum er að visu óhugsandi til bygginga, en jeg hefi nú samt sem áður látið teikna heimavistar-skólahús handa 20 börnum og einhleypum kennara; læt jeg uppdráttinn fylgja hjer með.


Suðurgafll.



**Kjallari.**




1. hæð.



Mælikvarði: 1 : 100

Lofthæð.



Það er hugsun mín, að slíkt hús geti nægt handa skólahjæraði, sem í eru 60—70 skólaskyld börn, og geti einn kennari kent þeim þar með því að skifta þeim í flokka og hafa 20 börn undir í einu. Viða má komast af með minni húsakynni með því fyrirkomulagi að láta börnin lesa heima annan daginn, en koma í skólann hinn daginn. Að öðru leyti skal jeg ekki fara út í fyrirkomulag skólahaldsins; tel rjett, að þeir, sem fræðslumálum stjórna í hjæraði, verði látnir nokkuð einráðir um það. *En það er óhjákvæmilegt*, að í hverju skólahjæraði sjeu til nægileg húsakynni handa skólanum, því að það hefir reynst æ erfiðara að fá húsnæði hjá bændum, bæði til kenslu og vistar fyrir börn og kennara, og ekki dæmalaust, að alt skólahald hafi strandað á því, svo að gripa hefir orðið til þess óyndisúrræðis að láta kennarann flakka um alt fræðsluhjæraðið til að kenna á heimilunum, þar sem þörfin hefir verið mest; en til þess fást ekki góðir kennarar, og hefur sú kensla því oftast borið lítinn árangur. Það fyrirkomulag, sem er drepið á hjer að framan, hefir meðal annars þann kost, að einn kennari getur haft mörg börn til kenslu, og verður því hægt að fækka kennurum og um leið launa þeim betur.

Það er að visu satt, að þessa breytingu á fræðslufyrirkomulaginu má gera samkvæmt núgildandi fræðslulögum, en það hefir ekki verið alment gert, heldur hafa í sama fræðsluhjæraðinu verið ráðnir 3—4 kennarar, hver um sig ekki kent lengur en fáar vikur, og hvert barn notið jafnvel styttri tíma kenslu en það hefði getað fengið hjá einum kennara, sem unnið hefði 6—7 mánuði. Fræðslulögin frá 1907 gera sem sje ráð fyrir, að hver hreppur sje skólahjærað (fræðsluhjærað) út af fyrir sig, en heimila að eins samsteypu fleiri hreppa, og um leið það fyrirkomulag, sem hjer er nefnt, og sem jeg teldi til bóta, að væri beint lögboðið.

### 3. Kostnaður.

Allur kostnaður við barnakensluna hvilir nú á sveitarsjóðunum, en landssjóður leggur þeim styrk til að halda uppi skólunum. Raddir hafa að visu heyrst um það, að rjettast væri að kostnaðurinn allur hvildi á landssjóði. Þá skoðun get jeg ekki aðhylst; tel þvert á móti sjálfsagt að halda því fyrirkomulagi um kostnaðargreiðsluna, sem verið hefir, að mestu leyti óbreyttu.

Aðalkostnaðurinn er til launa kennara og til skólahúsanna. Í lagafrumvarpi um skipun barnakennara og laun þeirra, sem sent var mentamálanefnd Alþingis í fyrra, er svo ákveðið, að landssjóður greiði laun kennara við kaupstaðaskóla að  $\frac{1}{3}$  og  $\frac{2}{3}$  þeirra komi úr bæjarsjóði. En að laun við aðra barnaskóla greiðist að hálfu af landssjóðsfe og að hálfu úr sveitarsjóði. Enn fremur að launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðist að öllu leyti úr landssjóði. — Þessum ákvæðum virðist mjer rjett að halda.

Kostnaður til húabygginga hefir komið að  $\frac{1}{3}$  úr landssjóði, en að  $\frac{2}{3}$  úr sveitarsjóðum, og í kaupstöðum allur úr bæjarsjóðum. Rjettast virðist mjer, að kostnaður þessi komi að hálfu úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði og að hálfu úr landssjóði, og að þar að auki sje sjeð fyrir hagkvæmum lánnum til sveitarfjelaganna og bæjarfjelaganna til húabygginganna að þeirra hluta.

#### 4. Próf.

Barnaprófum virðist eigi ástæða til að breyta. Eins og áður var tekið fram er full þörf á að herða aðhaldið að heimilunum til lestrarkenslu og hafa betra eftirlit með því, að þau byrji lestrarkensluna í tæka tíð og vandi hana sem best. Hún er fyrsta skilyrði fyrir því að menta börnin. Fyrir því þykir reynandi að fyrirskipa *lestrarpróf yngri barna* og heimta lestrarpróf sem skilyrði fyrir inngöngu í barnaskólana.

Ágreiningur getur orðið um það, hve nær börn sjeu skyld að koma til prófs, samkv. 16. gr. fræðslulaganna (3. málsg.). Mætti nægja til að girða fyrir þann ágreining að taka fram, að til prófs væru skyld að koma þau börn, sem urðu fullra 10 ára á nýári næst á undan og til fullra 14 ára.

#### 5. Stjórn skólamála og eftirlit.

Stjórn barnafræðslunnar í hjeradi er nú í höndum *skólanefnda*, 5 manna nefnda, sem kosnar eru af bæjarstjórn (eða hreppsnefnd) — og *fræðslunefnda*, 3 manna nefnda, og er einn þeirra kosinn af hreppsnefnd, en 2 á hreppskilapíngi af þeim, sem atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum.

Þessum nefndum er nú falin stjórn skólamála og eftirlit með fræðslumálum í hjeradi (30. gr. fræðslul.).

Áður en ráðið er við sig, hvort þessu fyrirkomulagi á stjórn og eftirliti skuli halda eftirleiðis, eða breyta að einhverju leyti til, verður að athuga, hvernig það hefir gefist. — Í sumum hjeruðum hafa verið kosnir góðir menn og gegnir í nefndirnar, eftir því sem kostur var á, og þar hefir alt farið eftir atvikum vel. En sumstaðar hefir kosning í fræðslunefnd tekist svo hrapallega, að ástæða er til að ætla, að það hafi verið gert af ásettu ráði til að hindra það, að nokkur hlutur yrði gerður fræðslulögnum til framkvæmda; þetta er að visu mjög óviða, en hefir komið fyrir. En sá mikli galli er á fræðslulögum vorum, að þau gera ekki ráð fyrir því að nefndirnar, þessir menn, sem trúað hefir verið fyrir öðru eins vandamáli og barnafræðslunni, beri nokkra ábyrgð fyrir að vanrækja að gegna skyldu sinni. Framkvæmd fræðslulaganna hefir því stundum farið í handaskolum fyrir þá sök, að áhugalausir menn og alls ómentaðir hafa haft stjórnina og eftirlitið á hendi. Reynsla undanfarandi ára kennir það, að nauðsynlegt sje að tryggja það, að í skólanefndir verði skipaðir menn með þekkingu á skólamálum, svo sem vól getur verið á, og með áhuga fyrir barnafræðslunni. Nokkrar raddir hafa heyrst um það, að presturinn ætti að vera *sjálfkjörinn* í skólanefndir, en til þess get jeg nú ekki sjeð neina ástæðu. Það er auðvitað mál, að þar sem prestur er vel hæfur til þess mun ekki verða gengið fram hjá honum, enda er prestur í langflestum skólanefndum og fræðslunefndum. Aftur á móti er hentugt, að lögin banni ekki að ganga fram hjá prestinum, ef enginn treystir honum til að vinna gagn í nefndinni, en menn hafa öðrum góðum mönnum á að skipa.

Til tryggingar því, að ávalt sitji einhver hæfur maður í skólanefnd, virðist það einfaldasta ráðið, að yfirstjórn fræðslumálanna skipi einn mann í



skólanefnd hverja, er sje formaður hennar og framkvæmdarstjóri, en að bæjarstjórn og hreppsnefnd (eða hreppsnefndir) kjósi tvo menn honum til aðstoðar. Þessi þriggja manna nefnd hafi á hendi öll þau störf, sem skólanefndum eru falin með 30. gr. fræðslulaganna, og beri ábyrgð á gerðum sínum.

Þó skal jeg taka það fram, að það er min skoðun, að skólanefnd eigi ekki að hafa rjett til að ráða kennara eða segja honum upp, heldur eigi hún að hafa tillögurjett um hvorttveggja, en yfirstjórn fræðslumálanna leggja á smiðshöggið. Laun virðist mjer óhjákvæmilegt að veita framkvæmdarstjóra nefndarinnar eða einhverja þóknun. Það er hann, sem á að vaka yfir skólahaldinu og leiðbeina um það. Rjett væri það, að hann væri prófdómari í sveitaskólum og skólum utan kaupstaða, en sjerstakir prófdómarar verði skipaðir árlega eftir sem áður í kaupstaðaskólunum.

Að öðru leyti verður að ákveða verksvið skólanefnda nákvæmlega í lögnum.

*Kenslueftirliti* gera núgildandi fræðslulög ekki ráð fyrir. Mun þar miklu hafa um ráðið, að erfiðleikar á slíku eftirliti eru hjer á landi afarmiklir sakir landshátta, og í annan stað hefir þótt litíð mannval til þeirra starfa. Til eftirlits með kenslu og skólahaldi er ekki til neins að skipa aðra en sjermentaða menn, sem hafa reynslu í skólahaldi og æfingu í kenslu. Heldur ekkert eftirlit en eftirlit þeirra, sem ekki hafa þekkingu og reynslu í þessum málum.

Komið hefir fram tillaga um að skipa 4 skólaeftirlitsmenn, einn fyrir hvern landsfjórðung, og vist mætti það að nokkru gagni verða, ef kostur væri á vel hæfum mönnum. En ættu einir 4 menn að hafa eftirlit kenslu í öllum skólum, þá yrðu þeir að vera að staðaldri á ferð, hver um sinn landsfjórðung, en vetrarferðir eru hjer, eins og kunnugt er, afar dýrar, og mundi eftirlit þetta því kosta ærið fje, sem kynni að vera betur varið til annars í þarfir þessa máls.

Að betra haldi mundi koma einn eftirlitsmaður í hverri sýslu, ef kostur væri svo margra hæfra manna til þeirra hluta. En meðan alt eftirlit vantar utan frá geta kennararnir mikið gert til þess að halda sjer vakandi og áhugasömum með fundarhöldum og fjelagsskap.

Jeg hefi þá minst á þau meiri háttar atriði í fræðslulögnum, sem mjer þykir nauðsynlegt, að tekin verði til athugunar, þegar lögin verða endurskoðuð, en margt er það þó fleira, sem athuga þarf og sem kemur til greina, þegar samið verður frumvarp til laga um málið í heild sinni. Jeg skil þingsályktunina svo, að Nd. hafi ekki ætlast til, að slíkt frumvarp yrði lagt fyrir þingið að þessu sinni, heldur hafi verið ætlast til, að málið yrði undirbúið til endilegra úrslita t. d. á næsta þingi.

Aftur á móti skilst mjer það hafa verið tilætlun deildarinnar, að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að bæta kjör kennaranna, eða athuga »hvern veg megi komast hjá að láta þá sæta miskunnarlausri meðferð«, eins og að orði er komist í niðurlagi þingsályktunarinnar.

Það er nú viðurkent af öllum, að laun barnakennara hafi alt af verið alveg óhæfilega lág og á engan hátt boðleg þeim mönnum, sem eiga að vinna hið mesta vandaverk fyrir þjóðfjelagið. En í annan stað er nauðsynlegt, að tryggja atvinnu þeirra betur en gert er með núgildandi fræðslulögum.

Í þeim tilgangi að bæta hag kennaranna að þessu tvennu leyti var samið frumvarp til laga um skipun barnakennara og laun þeirra og sent mentamálanefnd Alþingis í fyrra. Frumvarpið kom ekki til umræðu á þinginu; en það mun hafa gefið tilefni til þingsályktunar Nd. um uppeldismál.

Það er nú ekki sýnilegt, að kjör kennaranna verði bætt á annan veg en þann að setja lög um laun þeirra og skipun, sem tryggi þeim lífvænlega stöðu. Leyfi jeg mjer því virðingarfylst að leggja það til, að frumvarp það um skipun barnakennara og laun þeirra, sem hjer með fylgir, verði lagt fyrir Alþingi, enda þó að launaupphæðir þær, sem þar eru nefndar, sjeu engan veginn miðaðar við dýrtíðarverð á lífsnauðsynjum, og því nú mikils til of lágar. Launaupphæðirnær eru óbreyttar frá því sem var, er frumvarpið var sent Alþingi í fyrra.

Virðingarfylst.

Reykjavík 4. apríl 1918.

*Jón Þórarinsson.*

Til  
Stjórnarráðsins.